

## STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2024, mánudaginn 30. september kl. 14:30 var haldinn 356. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1, og um fjarfundabúnað.

Fundarfólk: Gylfi Magnússon, Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir, Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson og Helena Guðrún Guðmundsdóttir, áheyrnarfulltrúi starfsfólks. Valgarður og Helena tóku þátt um fjarfundabúnað. Guðveig Eyglóardóttir var fjarverandi.

Einnig tóku Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri og Snorri Hafsteinn Þorkelsson þátt í fundinum.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

### Þetta gerðist:

1. Forstjóri og stjórnarfólk gerðu grein fyrir samskiptum milli stjórnarfunda. Yfirlit forstjóra þar um, dags. 27. september 2024 lagt fram.
2. Fundargerð stjórnarfundar SF355 lögð fram. Fundargerðin samþykkt og verður send til rafrænnar undirritunar stjórnar.
3. Klukkan 14:35 mættu til fundarins Snorri Hafsteinn Þorkelsson, framkvæmdastjóri fjármála. Einnig Sólrún Kristjánsdóttir, framkvæmdastýra Veitna og Anna Gunnlaug Friðriksdóttir, fjármálaleiðtogi Veitna og kynntu fjárhagsspá Veitna og Vatns- og fráveitu fyrir árið 2025 og langtímaspá til ársins 2029.

Klukkan 15:00 mættu til fundarins Árni Hrannar Haraldsson, framkvæmdastjóri Orku náttúrunnar og Einar Ólafsson, fjármálaleiðtogi Orku náttúrunnar og kynntu fjárhagsspá Orku náttúrunnar og ON Power fyrir árið 2025 og langtímaspá til ársins 2029.

Árni veitti jafnframt frekari svör við fyrirspurn RAMV frá SF 353.

Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir óskar bókað:

*Þessi starfsemisþáttur ON hefur almennt haft neikvæða arðsemi síðastliðinn áratug og ekki horfur á að það breytist í fyrirsjáanlegri framtíð. Vafi er á hvort áframhald á þessari vegferð sé í anda eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur. Þar sem fram kemur að stjórn og stjórnendum fyrirtækisins ber að sýna ráðdeild í rekstri og fjárfestingum og að arðsemi fjármagns skuli að lágmarki vera umfram fjármagnskostnað fyrirtækisins sem nemur eðlilegu áhættuálagi í samræmi við rekstrarumhverfi Orkuveitu Reykjavíkur. Eðlilegt væri að fá utanaðkomandi mat á þessu. Ekki síst til að búa þá að skýrum ramma fyrir þetta verkefni sem og önnur möguleg tilraunaverkefni framtíðarinnar.*

Klukkan 15:42 mættu Einar Þórarinsson, framkvæmdastjóri Ljósleiðarans og Þorgeir Hafsteinn Jónsson fjármálaleiðtogi Ljósleiðarans til fundarins og kynntu fjárhagsspá fyrirtækisins fyrir árið 2025 og langtímaspá til ársins 2029.

Klukkan 16:00 mættu Kristinn Ingi Lárusson, viðskiptaþróunarstjóri og Erling Tómasson, fjármálastjóri Carbfix til fundarins og kynntu fjárhagsspá fyrirtækisins fyrir árið 2025 og langtímaspá til ársins 2029.

Klukkan 16:30 kynnti Snorri Hafsteinn Þorkelsson fjármálastjóri fjárhagsspá móðurfélags og samstæðu Orkuveitunnar fyrir árið 2025 og langtímaspá til ársins 2029..

Rekstraráhættuskýrsla og áhættuskýrsla Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 16. september 2024, lagðar fram.

4. Klukkan 17:10 mættu Dagmar I. Birgisdóttir, leiðtogi áhættustjórnar og Gísli Björn Björnsson, sérfræðingur í áhættustýringu og lögðu fram svohljóðandi tillögu að breytingu á áhættustefnu:

*Meginmarkmið áhættustefnu Orkuveitunnar er að stuðla að því að félagið sinni hlutverki sínu á öruggan og hagkvæman máta innan marka ásættanlegrar áhættu, eðli viðkomandi starfsemi og í samræmi við samþykktar stefnur og markmið um öfluga áhættustjórnun.*

*Áherslur áhættustefnu eru að:*

- *Draga úr sveiflum í afkomu á hverjum tíma með því að greina, meta og stýra áhættum.*
- *Stuðla að fullnægjandi lausafjárstöðu og aðgengi að fjármagni til að standa undir uppbyggingu á þjónustu og reglulegri starfsemi.*
- *Greina áhættur og tækifæri til að stuðla að bættum rekstri og upplýstri ákvarðanatöku.*
- *Stuðla að áhættuvitund starfsfólks.*

*Áhættuhandbók Orkuveitunnar og tengd skjöl lýsa umgjörð áhættustýringar, heildarsýn og áhættuvilja stjórnar. Stjórn felur forstjóra að framfylgja áhættustefnunni og upplýsa með reglubundnum hætti um stöðu áhættuflokka og um áhættur utan skilgreindra viðmiða stjórnar. Breytingar á áhættumörkum og/eða áhættuvilja skulu samþykktar af stjórn.*

*Jafnframt samþykkir stjórn að áhættuvilji og áhættumörk séu rýnd árlega, samhliða rýni á áhættustefnu.*

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

5. Klukkan 17:28 mættu Ellen Ýr Aðalsteinsdóttir, framkvæmdastýra mannauðs og tækni og Ása Björk Jónsdóttir, leiðtogi stafrænnar þróunar, til fundarins og gerði grein fyrir kjarasamningum.
6. Lögð fram til upplýsingar drög að svari til borgarráðs um þróun starfsmannafjölda og launa í samstæðu Orkuveitunnar.
7. Lagt fram minnisblað um auðlindir, nýsköpun, sjálfbærni og umhverfi, dags. 26. september 2024.
8. Lagðar fram til upplýsinga, fundargerðir og minnisblöð framkvæmdastjóra dótturfélaga Orkuveitu Reykjavíkur.

*Minnisblað framkvæmdastjóra Ljósleiðarans ehf. dags. 18. september 2024.*

*Minnisblað framkvæmastjórnar Veitna ohf. dags. 30. september 2024.*

*Fundargerð Orku náttúrunnar ohf. dags. 18. september 2024.*

*Minnisblað framkvæmdastjóra Orku náttúrunnar ohf. dags. 18. september 2024*

9. Forstjóri lagði fram og kynnti skýrslu sína um starfsemina á milli stjórnarfunda, dags. 30. september 2024. Umræður.
10. Önnur mál.

- Skúli Þór Helgason leggur fram eftirfarandi tillögu:  
*Tillaga: Óskað er eftir upplýsingum um stöðu rannsóknar- og þróunarvinnu innan OR á virkjanamöguleikum sjávarfalla á Íslandi. Sérstaklega er óskað upplýsinga um hver staðan sé á kortlagningu virkjanakosta, hvaða kostir komi helst til greina út frá hagkvæmni og fýsileika og eftir atvikum til hvaða aðila úr röðum fræðasamfélags, frumkvöðla og fjárfesta hafi verið leitað til þessa með mögulegt samstarf í huga á þessu sviði. Loks er óskað eftir stuttri samantekt á því hvaða nágrannaríki okkar hafa helst haslað sér völl á sviði virkjunar sjávarfalla, hvaða árangri þau hafa náð til þessa og helstu framtíðaráform á þessu sviði, sem gætu nýst sem fyrirmyndir fyrir virkjun sjávarfalla á Íslandi.*
- Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir leggur fram eftirfarandi tillögu:  
*Lagt er til að stjórn Orkuveitu Reykjavíkur aflétti trúnaði á minnisblaði Innri endurskoðunar um frávík frá eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur dagsett 3. maí 2024 og birti eigendum sínum minnisblaðið án tafar.*

Fleira gerðist ekki.

**Fundi slitið kl. 18:05.**

**Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 28, október 2024.**

Gylfi Magnússon,  
Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir,  
Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson.

## STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2024, mánudaginn 26. ágúst kl. 13:00 var haldinn 355. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1, og um fjarfundabúnað.

Fundarfólk: Gylfi Magnússon, Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir, Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson, Guðveig Eyglóardóttir og Helena Guðrún Guðmundsdóttir, áheyrnarfulltrúi starfsfólks.

Einnig tóku Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri og Snorri Hafsteinn Þorkelsson þátt í fundinum.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

### Þetta gerðist:

1. Forstjóri og stjórnarfolk gerðu grein fyrir samskiptum milli stjórnarfunda. Yfirlit forstjóra þar um, dags. 21. ágúst 2024 lagt fram.
2. Fundargerð stjórnarfundar SF353 og SF354 lagðar fram. Fundargerðirnar samþykktar og verða sendar til rafrænnar undirritunar stjórnar.
3. Klukkan 13:10 mættu til fundarins Snorri Hafsteinn Þorkelsson, framkvæmdastjóri fjármála og Bryndís María Leifsdóttir, forstöðumaður reikningshalds, lögðu fram og kynntu hálfársuppgjör samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur. Umræður.

Davíð Arnar Einarsson og Bjarni Már Jóhannesson, endurskoðendur frá Grant Thornton, mættu til fundarins og kynntu könnunarskýrslu vegna hálfársuppgjörs ársins 2024, dags. 26. ágúst 2024. Umræður.

Lagt fram bréf endurskoðunarnefndar, dags. 19. ágúst 2024, þar sem fram kemur að nefndin telji árshlutareikninginn gerðan í samræmi við lög og settar reikningskilareglur og sé tilbúinn til afgreiðslu stjórnar félagsins.

Uppgjörið borið upp og samþykkt samhljóða. Reikningurinn verður undirritaður rafrænt.

Rekstraráhættuskýrsla Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 15. ágúst 2024, lögð fram.

4. Klukkan 13:53 mættu til fundarins Hera Grímsdóttir, framkvæmdastjóri Rannsóknar og nýsköpunar og Ingvi Gunnarsson, forstöðumaður auðlindastýringar og kynntu orkuöflun til framtíðar ásamt stöðu mælikvarða, auðlinda, nýsköpunar, umhverfis-, og sjálfbærni. Umræður.
5. Klukkan 15:05 mætti til fundarins Edda Sif Pind Aradóttir, framkvæmdastjóri Carbfix og greindi frá stöðu félagsins. Umræður.
6. Klukkan 16:00 mættu til fundarins Árni Hrannar Haraldsson, framkvæmdastjóri Orku náttúrunnar og Jóhann Ingi Magnússon, deildarstjóri sölu og þjónustu Orku náttúrunnar. Þeir lögðu fram að nýju tillögu frá síðasta fundi um umboð til forstjóra vegna hluthafafundar Orku náttúrunnar ásamt frekari upplýsingum, sem óskað var eftir á síðasta fundi. Á hluthafafundinum verði tekin fyrir tillaga um að viðskiptavinum standi til boða hleðsluáskrift hvar sem er á landinu.

Tillagan borin upp og samþykkt með atkvæðum Gylfa Magnússonar, Völu Valtýsdóttur, Skúla Þórs Helgasonar, Þórðar Gunnarssonar og Valgarðs Lyngdal Jónssonar. Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir situr hjá.

Lagt fram minnisblað sem svar við fyrirspurn af SF 353, sem fram fór þann 27. maí 2024, um starfsemi Orku náttúrunnar, dags. 22. ágúst 2024. Umræður.

7. Lagt fram minnisblað Rannsókna og nýsköpunar um yfirbreiðslur yfir sundlaugar, dags. 22. ágúst 2024. Minnisblaðsins var óskað að tillögu sem fram kom á síðasta stjórnarfundum. Samþykkt að vekja athygli stjórnar Veitna á minnisblaðinu, sem geti þá eftir atvikum upplýst sveitarfélög og aðra aðila, sem reka sundlaugar á starfssvæði veitna um efni þess.
8. Lögð fram frá síðasta fundi, tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um afléttingu trúnaðar á skýrslu innri endurskoðunar varðandi Orkuveitu Reykjavíkur, sem borgarstjórn samþykkti þann 14. maí 2024 að vísa til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur.

Tillagan borin upp og hafnað, með vísan til afstöðu stjórnar Ljósleiðarans til málsins, með atkvæðum Gylfa Magnússonar, Völu Valtýsdóttur, Þórðar Gunnarssonar og Valgarðs Lyngdal Jónssonar. Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir styður tillögu borgarráðs og óskar bókað:

*Því miður er sem fyrr ekki vilji meðal samstjórnarmanna undirritaðrar að samvisskusamlega upplýsa eigendur um þær alvarlegu aðfinnslur sem skýrslan kveður á um. Það er vægast sagt ekki í anda eigendastefnunnar en kemur ekki á óvart miðað við umræddar aðfinnslur skýrslunnar. Það er fáránlegt að halda trúnaði um slíkan trúnaðarbrest gagnvart eigendum. Nú hefur jafnvel minnisblað Innri endurskoðenda um efni skýrslunnar verið birt stjórninni en ekki sent héðan til eigenda. Undirrituð mun að sjálfsögðu leggja fram enn fleiri tillögur um að minnsta kosti birta umrætt minnisblað eigendum.*

Skúli Þór Helgason situr hjá við afgreiðsluna og óskar bókað:

*Undirritaður er fylgjandi því að umrædd skýrsla verði birt en situr hjá í atkvæðagreiðslunni í þeirri góðu trú að skýrslan verði birt að lokinni hlutafjár aukningu Ljósleiðarans.*

9. Lögð fram frá síðasta fundi, svohljóðandi tillaga Björns Gíslasonar, dags. 23. júní 2024 um orkuframleiðslu í Elliðaárvirkjun. Tillögunni fylgir greinargerð.

*Orkuveita Reykjavíkur samþykkir að hefja orkuframleiðslu á rafmagni í Elliðaárvirkjun á nýjan leik með það fyrir augum að tryggja orkuöryggi heimila í Reykjavík. Lagt er til að innviðir sem nú þegar eru til staðar í Elliðaárdal verði nýttir svo hefja megi raforkuframleiðslu á allt að tíu megavöttum af rafmagni.*

Umræður. Forstjóra falið að skoða málið milli funda.

10. Lögð fram til afgreiðslu aðgerðaáætlun í kjölfar úttektar innri endurskoðunar á stjórnháttum og miðlun upplýsinga, sem frestað var á síðasta fundi. Frestað.
11. Lagt fram minnisblað um auðlindir, nýsköpun o.fl., dags. 22. ágúst 2024.
12. Lagðar fram til upplýsinga, fundargerðir og minnisblöð framkvæmdastjóra dótturfélaga Orkuveitu Reykjavíkur.

*Minnisblað framkvæmdastjóra Ljósleiðarans ehf. dags. 21.08.2024*

*Minnisblað framkvæmastjórnar Veitna ehf. dags. 22.08.2024*

*Fundargerð Orku náttúrunnar ehf. dags. 19.06.2024*

*Minnisblað framkvæmdastjóra Orku náttúrunnar ehf. dags. 21.08.2024*

*Minnisblað framkvæmdastýru Carbfix hf. dags. 15.08.2024*

13. Forstjóri lagði fram og kynnti skýrslu sína um starfsemina á milli stjórnarfunda, dags. 26. ágúst 2024. Umræður.

14. Önnur mál.

Fleira gerðist ekki.

**Fundi slitið kl. 17:15.**

**Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 23. september 2024.**

Gylfi Magnússon,

Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir,  
Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson, Guðveig Eyglóardóttir.

# Minnisblað

Viðtakandi: Sævar Freyr Þráinsson forstjóri

Sendandi: Hera Grímsdóttir, Arna Pálsdóttir, Harpa Pétursdóttir, Birna Bragadóttir, Hólmfríður Sigurðardóttir og Ingvi Gunnarsson

Dagsetning: 26.09.2024

## EFNI: MINNISBLAÐ UM AUÐLINDIR, NÝSKÖPUN, SJÁLFBÆRNI OG UMhverfi

### Hverahlíðarlögn II komin í rekstur

Hverahlíðarlögn II á Hellisheiði er komin í rekstur. Verkefnið gekk vel m.t.t tíma- og kostnaðaráætlunar og þeirra væntinga sem voru gerðir til verkefnisins. Engin fjarveruslys hafa orðið á verk tímanum. Með tilkomu lagnarinnar eykst flutningsgeta gufu frá Hverahlíð og stórbætir það gufuforða Hellisheiðarvirkjunar ásamt því að bæta nauðsynlegan sveigjanleika í rekstri.

### Jarðhitaleit á Borg á Mýrum

Öðrum áfanga jarðhitaleitar á Borg á Mýrum lauk í ágúst og fyrstu niðurstöður gefa tilefni til hóflegar bjartsýni. Í þessum áfanga voru boraðar sex 100 m djúpar hitastigulsholur og ein þeirra, BO-16, var dýpkuð niður á 300 m dýpi eftir fyrstu mælingu. Hitastig í henni fylgir línulegum hitastigli alla leið í botn og þar er hitinn 45,7°C. Þetta gefur góðar vonir hvað varðar hitastig á meira dýpi en það á enn eftir að finna vatnsæðar sem er forsenda fyrir að hægt sé að nýta svæðið. Lítilsháttar vatnsleki kom þó inn í holuna á 292 m dýpi. Ágætar væntingar er gerðar til þess að finna nýtanlegan jarðhita með frekari borunum, fyrstu vísbendingar eru að efnasamsetning vatnsins sé viðráðanleg og loks er enn óvissa um að finna gjöfular vatnsæðar. Þessari óvissu verður ekki eytt nema með frekari og dýpri borunum. Ákvörðun um næstu skref í jarðhitarannsóknnum á Borg verður tekin þegar lokaskýrsla um 2. áfanga liggur fyrir.

### Rannsóknarboranir í Bláfjöllum

Nú standa yfir rannsóknarboranir í Bláfjöllum en markmið þeirra er að staðfesta legu grunnvatnsvatnaskila á svæðinu og afla upplýsinga um vatnsborð, jarðlög og lekt á svæðinu. Þetta er mikilvægt verkefni til þess að skilgreina betur aðrennslissvæði vatnsbóla höfuðborgarsvæðisins. Ákveðið var að ráðast í verkefnið vegna þeirrar uppbyggingar sem nú stendur yfir í Bláfjöllum. Utanumhald verkefnisins er hjá samráðshópi Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um vatnsvernd og nýtingu og er verkefnastjórn í höndum COWI verkfræðistofu. Nokkrar tafir voru á því að verkið gæti komist af stað, t.d. vegna leyfismála og skorts á tilboðum í upprunalegt útboð. Á endanum var ákveðið að fækka holum úr fjórum í þrjár vegna verðlagshækkana. Borverkið hófst loks núna í sumar, þann 6.júlí. Borun á fyrstu holunni (BF-07) gekk þokkalega þó jarðlög hafi verið óstöðug og erfið á köflum. Hins vegar gekk erfiðlega með holu tvö (BF-08) þar sem borkróna féll ofan í holuna. Ákveðið var að flytja búnað yfir á þriðju holuna (BF-09) á meðan ákveðið er hvornig best sé að halda áfram borun á BF-08. Áætluð verklok eru í október eða nóvember.

## Frumkvöðlasetur og vísindamiðlun

### Elliðaárstöð – áfangastaður í hjarta Reykjavíkur

Elliðaárstöð er rótgróinn áfangastaður Orkuveitunnar þar sem áður var framleitt rafmagn í nær 100 ár. Nú býður stöðin upp á fræðslu og upplifun um náttúruparadísina í Elliðaárdalnum. Fá íslensk fyrirtæki búa yfir jafn ríkulegri sögu og tilgangi í jafn fallegum húsakosti sem tækifæri er að miðla.

### Gestafjöldi og vinsældir

Elliðaárdalurinn er vinsælasta útivistarsvæði landsins, heimsóttur af helmingi íbúa höfuðborgarsvæðisins, þar af 62% Reykvíkinga. Vinsældir veita okkur dýrmætt tækifæri til að tengjast og tala við gesti dalsins og viðskipavini félagsins. Elliðaárstöð er hlið inn í dalinn og hefur tekið á móti 119.000 gestum á árinu, þar af 47.000 yfir sumarmánuðina. Meðalgestafjöldi var 800 á dag, en fjölmennasti dagurinn var með 2.000 gesti. Vörumerkjamæling sýnir að 63% þekkja staðinn og 44,7% hafa jákvæðar tilfinningar gagnvart honum.

### Framkvæmdir og endurbætur

Unnið hefur verið að endurbótum á svæðinu. Í sumar lauk uppsetningu almenningssalernis og nestisaðstöðu við vatnsleikjasvæðið. Í Straumskiptistöð verður ný gestastofa og móttaka Orkuveitunnar með sýningum og fundar- og skrifstofuaðstöðu. Þar verður boðið upp á fræðslu um sjálfbærni og orkunýtingu, með áherslu á þekkingu og nýsköpun Orkuveitunnar. Þar er einstakt tækifæri til að miðla tilgangi fyrirtækisins sem aflvaka sjálfbærrar framtíðar, ásamt því að skapa umgjörð fyrir gott samtal og fræðslu til viðskiptavina og styðja við jákvæða upplifun þeirra. Stefnt er að því að ljúka stærstum hluta framkvæmda í nóvember.

### Vísindamiðlun og fræðsla

Orkuveitan leggur mikla áherslu á vísindamiðlun og sjálfbærni með STEAM aðferðafræði. Við höfum tekið á móti 2.312 nemendum í skipulagðar heimsóknir á þessu ári. Í vikunni auglýsum við 800 pláss til skólahópa sem fylltust strax. Vísindamiðlunin eykur skilning á ábyrgri orkunýtingu og vísindum til framtíðar viðskiptavina.

### Upplifun og viðburðir

Elliðaárstöð nýtir sérstöðu sína til að skapa einstaka upplifun fyrir gesti. Við höfum haldið yfir 100 viðburði með 10.000 gestum síðustu þrjú ár. Þeir eru unnir í samstarfi við listafólk, sérfræðinga og ýmsa aðila. Viðburðir framundan eru Menningarminjadagar Evrópu, Samgönguvika, Orku- og vísindadagurinn og Vísindavakan.

### Jarðhitasýning

Jarðhitasýningin á Hengilsvæðinu tekur á móti fjölbreyttum hópi gesta sem fræðast um sjálfbæra orku og jarðvísindi. 58.000 gestir hafa heimsótt sýninguna á þessu ári, þar á meðal 1.400 gestir í skipulögðum heimsóknum á vegum Orkuveitunnar. Starfsfólk sýningarinnar þjónustar Orkuveituna með þessum móttökum og öllum þeim samskiptum felast í undirbúningi, móttöku og eftirfylgni. Lykilverkefni framundan er að koma Steingerðarverkefninu og Jarðhitagarðinum á framfæri á sýningunni.